STJÓRNARTÍÐINDI C 3 — 1978

Nr. 6. 20 17. maí 1978.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar varðandi samninginn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Hinn 2. maí 1978 gekk í gildi breyting á viðauka G við samninginn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 4. janúar 1960, þ. e. sérákvæðum samningsins vegna Portúgal hvað snertir innflutningstolla og magntakmarkanir á útflutningi, sem gerð var hinn 16. desember 1976.

Breytingin var birt sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 19/1977.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 17. maí 1978.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Nr. 7. 7. júní 1978.

AUGLÝSING

um samning milli ríkisstjórna Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins um vísinda- og tæknisamvinnu á sviði sjávarútvegs.

Hinn 1. júní 1978 var gerður í Reykjavík samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Þýska alþýðulýðveldisins um vísinda- og tæknisamvinnu á sviði sjávarútvegs.

Samningurinn gekk í gildi á undirritunardegi — og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. júní 1978.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Þýska alþýðulýðveldisins um vísinda- og tæknisamvinnu á sviði sjávarútvegs

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Þýska alþýðulýðveldisins, sem

hafa í huga nauðsyn verndunar, endurnýjunar og skynsamlegrar nýtingar lifandi auðæfa hafsins,

viðurkenna fullveldisrétt hvors landsins um sig innan fiskveiðilögsögu sinnar,

eru ásáttar um, að þeim beri ábyrgð og skylda til að gera virkar ráðstafanir til verndunar, endurnýjunar og skynsamlegrar nýtingar lifandi auðæfa hafsins innan og utan fiskveiðilögsögu hvors landsins um sig,

taka tillit til starfa þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna,

leggja áherslu á mikilvægi vísindarannsókna og skipta á viðeigandi upplýsingum, að því er varðar lifandi auðæfi hafsins,

telja að nauðsynin á verndun, endurnýjun og skynsamlegri nýtingu lifandi auðæfa hafsins skapi þörf á að taka til athugunar og mats hinar ýmsu veiðiaðferðir, sem beitt er,

láta í ljós ánægju sína yfir núverandi samvinnu Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins um vísindarannsóknir innan vébanda alþjóðahafrannsóknarráðsins og annarra alþjóðasamtaka,

óska að efla vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins á sviði sjávarútvegs, og

AGREEMENT

between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the German Democratic Republic on scientific and technical co-operation in fisheries

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the German Democratic Republic,

taking into account the need for the conservation, reproduction and rational utilization of the living resources of the sea,

recognizing the sovereign rights of each of the two countries over its fisheries zone,

acknowledging their responsibility and duty to take effective measures for the conservation, reproduction and rational utilization of the living resources of the sea, both within and beyond the fisheries zones of each of the two countries,

taking into account the work of the Third United Nations Conference of the Law of the Sea,

emphasizing the importance of scientific research and the exchange of relevant information with regard to the living resources of the sea,

considering that the need for conservation, reproduction and rational utilization of the living resources of the sea calls for the study and evaluation of the various fishing methods employed,

expressing their satisfaction with the existing co-operation between Iceland and the German Democratic Republic in scientific research within the framework of the International Council for the Exploration of the Sea and other international bodies,

wishing to develop scientific and technical co-operation between Iceland and the German Democratic Republic in fisheries, and

hafa að leiðarljósi þá ósk að efla og styrkja vináttutengsl milli Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í því skyni að stuðla að þróun ráðstafana til verndunar, endurnýjunar og skynsamlegrar nýtingar lifandi auðæfa hafsins, einkum í Norður-Atlantshafi, munu aðilar þessa samnings í samræmi við lög og reglur hvors landsins um sig hafa samvinnu og samráð og skiptast á upplýsingum, bæði tvíhliða og fyrir milligöngu hlutaðeigandi alþjóðasamtaka, um vísindarannsóknir er snerta lifandi auðæfi hafsins, og einnig um veiðiaðferðir og eiginleika fiskiskipa, svo og tækniatriði er varða veiðarfæri og geymslu, flutning og vinnslu sjávarafurða.

2. gr.

Til að vinna að markmiðum þessa samnings skulu samningsaðilar setja á fót samstarfsnefnd. Hvor aðili um sig mun tilnefna fulltrúa og varafulltrúa í nefnd þessa og tilkynna hinum aðilanum nöfn þeirra. Nefndin skal að jafnaði koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

3. gr.

Nefnd sú, sem rætt er um í 2. gr., skal fjalla um öll málefni, sem upp koma í sambandi við framkvæmd samnings þessa, svo og önnur þau málefni, er samningsaðilar kunna að fela henni til athugunar. Nefndin skal gera áætlanir um samvinnu og samráð, sem gert er ráð fyrir í samningi þessum, og gera tillögur til ríkisstjórnanna beggja eftir því, sem hún telur ástæðu til.

4. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á afstöðu samningsaðila í málum,

guided by the wish to develop and strengthen the friendly relations between Iceland and the German Democratic Republic,

have agreed as follows:

Article 1

With a view to contributing to the development of measures for the conservation, reproduction and rational utilization of the living resources of the sea, in particular in the North Atlantic Ocean, the Parties to the present Agreement will, in accordance with the laws and regulations of the two countries, cooperate, consult and exchange information, both bilaterally and through appropriate international bodies, on scientific research with regard to the living resources of the sea and also on fishing methods, the attributes of fishing vessels and the technology relating to fishing gear and the storage, transportation and processing of marine products.

Article 2

For the purposes of this Agreement the Parties shall establish a Joint Commission. Each Party shall appoint to this Commission its representative and his deputy and inform the other Party of their names. The Commission will as a rule meet not less than once each year.

Article 3

The Commission stipulated in article 2 shall deal with all matters arising in connection with the implementation of the present Agreement and such other matters as the Parties may refer to it for consideration. The Commission shall prepare plans for the co-operation and consultation provided for in this Agreement and make such proposals to the two Governments as it considers appropriate.

Article 4

Nothing in the present Agreement shall prejudice the position of either Party on

sem til meðferðar eru á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

5. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á undirritunardegi og skal gilda uns sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi sem annar hvor samningsaðili hefur skriflega tilkynnt hinum um uppsögn.

Gjört í Reykjavík hinn 1. júní 1978 á ensku í tveimur eintökum.

Fyrir ríkisstjórn
lýðveldisins Íslands:

Ólafur Jóhannesson

Fyrir ríkisstjórn
Þýska alþýðulýðveldisins:

Werner Buschman

the matters under consideration at the Third United Nations Conference on the Law of the Sea.

Article 5

This Agreement shall enter into force on the date of signature and remain in force until the expiration of a period of six months from the date on which either Party shall have denounced it by means of a notice in writing addressed to the other Party.

Done at Reykjavík on 1 June 1978 in duplicate in the English language.

For the Government of
the Republic of
Iceland

Ólafur Jóhannesson

For the Government of
the German Democratic
Republic

Werner Buschman

13. júní 1978. Nr. 8.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að Vínarsamningnum um ræðissamband.

Hinn 1. júní 1978 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, sem gerður var í Vínarborg hinn 24. apríl 1963, og tveimur viðbótarbókunum við samninginn varðandi ríkisborgararétt og skyldubundna lausn deilumála.

Samningurinn ásamt bókunum tekur gildi fyrir Ísland hinn 1. júlí n. k.

Samningurinn og bókanirnar, ásamt yfirlýsingu í aðildarskjalinu varðandi 22. grein samningsins, eru birt sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. júní 1978.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.